



9. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík 8.júní 2018

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Gunnar Gunnarsson (GG), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Örn Guðnason (ÖG), Lárus B. Lárusson (LBL), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AlÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ, og Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) á fjarfundi.

Forföll boðuð: Gunnar Þór Gestsson (GPÞ)

1. **Fundur settur** kl. 16:00

2. **Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.**

Stjórn samþykkir að koma myndefni UMFÍ á stafrænt form til varðveislu.

Persónuverndarlög – Minnisblað lagt fram – Framkvæmdastjóra falið að vinna upplýsingar til leiðbeininga fyrir sambandsaðila UMFÍ.

3. **Framkvæmdastjórnarfundargerð nr. 5** lögð fram og samþykkt.

4. **Fjármál:**

- Ársreikningur.
- Áætlun ársins.

HeJ yfirgaf fundinn kl.17:00.

5. **Staða verkefna:**

- Ungmennabúðir á Laugum – Fundur áætlaður með fulltrúum Bláskógarbyggðar. Stjórn felur framkvæmdastjórn að halda áfram með málið.
- Lýðháskóli – staða regluverks í ráðuneytinu: Beðið er eftir tillögum frá Lunga á Seyðisfirði og Lýðháskólanum á Flateyri.
- Hreyfivika tókst vel, þátttökutölur liggja ekki fyrir enn.
- ULM í Þorlákshöfn: Ragnar M. Sigurðsson hefur tekið við formennsku Unglingalandsmótsnefndar og allur undirbúningur gengur vel og á áætlun.
- LM á Sauðárkróki – ráðstefna – móttaka gesta. Búið að ráða verkefnisstjóra og skráningar fara vel af stað.

6. **Bréf sem borist hafa:**

Einkaleyfastofa – Framkvæmdastjóri kynnti svar einkaleyfastofu og var falið að vinna málið áfram.

7. **Önnur mál:**

Umræður um rannsókn.

Framkvæmdastjóri kynnti Sportable, sem er íslenskt vef- og snjallsímaforrit og rannsóknarverkefni því tengt, umræður um verkefnið og framkvæmdastjóra falið að skoða málið.

**HrJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl.20:00.**